

Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða HEVF.is

Starfar skv., Lögum 7/1998 á vegum sveitarfélaga á stafssvæðinu.

Starfsskýrsla fyrir árið 2021 fylgir með.

Starfsskýrslan er kynning á starfsemi heilbrigðiseftirlits en jafnframt samantekt um starfið á árinu 2021. Níu heilbrigðiseftirlitsvæði eru á landinu, Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða er á vegum sveitarfélaga á Vestfjörðum og nær yfir allan Vestfjarðakjálkann. Starfsmenn eru tveir sem sinna öllu svæðinu. 558 fyrirtæki voru með starfsleyfi á Vestfjörðum á árinu 2021. 227 skýrslur úr eftirlitsferðum voru skráðar á fyrirtæki. 96 ferðir voru skráðar vegna eftirlits með vatnsveitum. Við fjárhagsáætlanagerð fyrir árið 2022 var lagt til að fara í átaksverkefnið Hreinir Vestfirðir en það hlaut ekki brautargengi.

Markmið laga um hollustuhætti og mengunarvarnir er að búa landsmönnum heilnæm lífsskilyrði og vernda þau gildi sem felast í heilnæmu og ómenguðu umhverfi. Tilgangur matvælalaga er að tryggja sem kostur er, gæði, öryggi og hollustu matvæla og að merkingar og aðrar upplýsingar um þau séu réttar og fullnægjandi. Heilbrigðiseftirlitið vinnur í almannabágu að því m.a. að tryggja heilnæmi umhverfis og öryggi matvæla. Þetta er gert með reglubundnu eftirliti í fyrirtækjum og í samvinnu við stjórnvöld og íbúa

Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða starfar á vegum Heilbrigðisnefndar Vestfjarða og sér um að framfylgja lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, lögum um matvæli nr. 93/1995 ásamt þeim reglugerðum sem settar eru samkvæmt lögnum, samþykktum sveitarfélaga og ákvæðum í sérstökum lögum eða reglugerðum sem nefndinni er eða kann að vera falið að annast framkvæmd á. Eftirlitinu er ætlað að vinna að bættu heilbrigðiseftirliti á svæðinu, annast fræðslu fyrir almenning og efla samvinnu við önnur yfirvöld og aðila sem vinna að þessum málum.

Með kveðju

Anton Helgason
Framkvæmdastjóri
Heilbrigðiseftirlits
Vestfjarða